

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð fyrir Íslenskar Getraunir, nr. 472 13. ágúst 1981.

#### 1. gr.

13. gr. orðist svo:

Verð hvernar getraunaraðar er 10 krónur.

Helmingi af heildarsöluverði raða eða miða skal varið til vinninga.

Af heildarupphæð vinninga skulu 4% lagðir í sérstakan sjóð. Sjóður þessi leggst við heildarupphæð vinninga 3 eða 4 sinnum á reikningsári eftir ákvörðun stjórnar Íslenskra Getrauna, þar af ávallt í síðustu leikviku hvers reikningsárs. Skal þessa jafnan minnst á seðlum viðkomandi leikviku. Heildarupphæð vinninga skiptist síðan í 2 hluta og skiptast 70% hennar milli þeirra seðla sem 12 réttar ágiskanir hafa, en 30% skiptast milli þeirra sem næstflestar réttar ágiskanir hafa.

Sé einn seðill með 12 réttar ágiskanir rennur öll upphæðin í 1. vinningsflokki til hans en séu fleiri seðlar með 12 réttar ágiskanir skiptist vinningsupphæð í 1. vinningsflokki jafnt milli þeirra. Allir vinningshlutar í 1. flokki lækka þannig að þeir standi á 5 kr. eða 10 kr. Mismunurinn rennur í varasjóð.

Í 2. vinningsflokki skiptist vinningsupphæðin jafnt á milli þeirra sem næstflestar réttar ágiskanir hafa. Verði vinningshluti í 2. vinningsflokki hærrí en vinningshluti í 1. flokki skulu vinningsflokkanir sameinaðir og vinningshlutar vera jafnháir. Allir vinningshlutar í 2. vinningsflokki skulu lækka þannig að þeir standi á heilli krónu. Mismunurinn rennur í varasjóð.

Komi enginn seðill fram með 12 réttar ágiskanir leggst vinningsupphæð 1. vinningsflokks við 1. vinningsflokki næstu getraunaviku á eftir. Ávallt skal samt úthluta úr 2. vinningsflokki þótt enginn seðill komi fram með tólf réttum ágiskunum og skal skipta honum jafnt milli þeirra seðla sem flestar réttar ágiskanir hafa.

Vinningar sem ekki ná 500 kr. skulu ekki greiddir út. Ef vinningshlutar í 2. flokki ná ekki 500 kr. bætist vinningsupphæð 2. flokks við vinningsupphæð 1. flokks og skiptist heildarvinningsupphæð vikunnar þá milli seðla í 1. vinningsflokki. Nú nær vinningshluti í 1. flokki ekki 500 kr. og fellur þá greiðsla vinninga í þeirri viku niður, en vinningsupphæðinni skal þá bætt við heildarvinningsupphæð næstu getraunaviku á eftir.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um getraunir, nr. 59 29. maí 1972, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 17. ágúst 1987.*

**Jón Sigurðsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*